

Samþykkt 9:0.

Framhald umræðu:

EBr, ELA sem leggur fram tillögu að ályktun bæjarstjórnar Akraness:

Ályktun bæjarstjórnar Akraness um fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, lögð fram á bæjarstjórnarfundum 11. desember 2018.

Á Íslandi er sterkt samfélagslegt ákall um fjölgun hjúkrunarheimila og má þar nefna nýlegar fréttir um alvarlegan vanda Landspítalans vegna aldgraðra sjúklinga sem lokið hafa meðferð en er ekki hægt að útskrifa vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Stjórnendur Landspítalans og landlæknir segja að þolmörkum sé náð svo engan tíma má missa.

Mikilvægt er að ríkið standi myndarlega að uppbyggingu nýrra hjúkrunarheimila til að mæta vaxandi eftirspurn en hugi ekki síður að bættri nýtingu þeirra hjúkrunarheimila sem þegar eru starfandi og eru ekki að fullu nýtt sem augljóslega sparar bæði tíma og fjármuni. Í þessu sambandi vill bæjarstjórn Akraness vekja athygli heilbrigðisráðherra á þeirri staðreynd að varanlegum rýmum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða hefur verið fækkað úr 78 í 70 á undanföllum árum þrátt fyrir mjög langan biðlista eftir vistun og að Velferðarráðuneytið hefur enn ekki svarað beiðni Höfða frá 28. desember 2016 þar sem óskað er eftir heimild til fjölgunar hjúkrunarrýma.

Bæjarstjórn Akraness skorar á Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra að verða án tafar við beiðni hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða um fjölgun varanlegra hjúkrunarrýma.

Ályktunin er send heilbrigðisráðherra og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Valgarður L Jónsson (sign)
Elsa Lára Arnardóttir (sign)
Rakel Óskarsdóttir (sign)
Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir (sign)
Kristinn Hallur Sveinsson (sign)
Ragnar B. Sæmundsson (sign)
Rakel Óskarsdóttir (sign)
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)
Einar Brandsson (sign)
Ólafur Adolfsson (sign)

Samþykkt 9:0.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.